



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Múlaborg

2024 – 2025

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	6
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
4	Innra mat deilda	11
	Litli Múli	11
	Stóri Múli	18
5	Innra mat sérkennslu.....	37
6	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	41
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	45
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	46
9	Foreldrasamvinna.....	47
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	47
11	Fylgiskjöl.....	48



Leiðarljós leikskólans

Virðing - Traust - Jafnrétti

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað og gekk aðlögun eins og í sögu. Einhverjar mannabreytingar voru og byrjuðu hjá okkur tveir nýir deildarstjórar. Við höfðum sett okkur það markmið í vetur að huga vel að starfmannahópnum og vinnuaðstöðu þeirra. Námskeið var haldið í Hugarfrelsi og hófum við innleiðingu í haust. Starfsmenn tileinkuðu sér þessa aðferð og yfirfærðu á barnahópinn. Í heildina hefur það gengið vel og áfram verður unnið markvisst með Hugarfrelsi.

Starfsmenn fengu líka fyrirlestur og námskeið um gerð starfsmannasáttmála. Í framhaldi af því gerðu starfsmenn með sér starfsmannasáttmála um hvernig við viljum hafa vinnustaðamenninguna okkar. Við innleiddum þennan sáttmála og var áhersla lögð á samskipti og traust. Við trúum því að starfsfólki sem líður vel í vinnunni og er partur af öflugri liðsheild er hamingjusamara í starfi, stendur sig betur og nær meiri árangri. Þannig hefur það líka áhrif á barnahópinn og smitar áhrifum til þeirra.

Múlaborg fékk Hvatningaverlaunin Orðsporið í ár, fyrir að vera leikskóli fyrir alla og vera með framúrskarandi starf er kemur að jafnrétti í víðu samhengi og þróun kennsluhátta fyrir börn með fatlanir og aðrar sérþarfir en um leið sérhæfa sig í að sinna sameiginlegu uppeldi barna með og án fatlana þar sem öll börn fá að njóta þess að læra, vinna og vera saman.



Múlaborg fékk líka Hvatningarverðlaun Skóla-og frístundaráðs í ár, fyrir óhefðbundnar leik-og námsleiðir. Mikil gleði og þakklæti er í starfsmannahópnum fyrir þessi verðlaun. Það hefur aukið starfsánægju og er mikil hvatning fyrir okkur að halda áfram og gera enn betur.

Við höldum áfram með rannsóknarverkefnið á vegum Erasmus+ sem heitir Be-Inclusive. Þetta er samvinnuverkefni milli þriggja landa: Belgíu, Portúgals og Íslands. Háskólar frá hverju landi vinna starfendarannsókn og okkar þáttur er að ígrunda eigin störf og skoða hvernig við getum bætt starfshætti með hagsmuni barna með sérþarfir og foreldra þeirra að leiðarljósi. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hvernig getur leikskólinn styrkt stöðu barna með sérþarfir og foreldra þeirra? Markmiðið með Be-In verkefninu er að styrkja hæfni fagfólks í leikskólastarfi í vinnu með börnum með sérþarfir og að byggja upp samstarf með foreldrum þeirra. Með þátttöku okkar í verkefninu erum við að kynna fyrir öðrum hugmyndafræði og sýn sem við tileinkum okkur í vinnu með börnum með sérþarfir á Múlaborg. Verkefnið hefur verið bæði lærdómsríkt ferli og krefjandi, það er krefjandi að skoða sjálfan sig og fara inn á við. Eftir að við höfðum metið starf okkar og skoðað þá þætti sem þyrfti að bæta, var ákveðið að Múlaborg myndi endurskoða teymisfundi með áherslu á þarfir og þátttöku foreldra. Við lögðum upp með að bæta teymisfundi, gera þá markvissari með hagsmuni foreldra að leiðarljósi. Markmiðið er að efla foreldra sem áhrifavalda á fundum barnanna þeirra. Við stefnum að því að börnin séu virkir þátttakendur á fundum sem þau varða. Við viljum efla áhrifamátt barna á fundum og erum byrjuð að sýna myndband af barninu í leik og samskiptum í byrjun fundar, sem hefur vakið mikla lukku. Múlaborg verður með kynningu á þessari rannsókn ásamt öðrum þátttakendum á ráðstefnu EECERA í Brighton í september.

Miklar breytingar hafa orðið á fjölda barna í öllum árgöngum og mun það hafa áhrif á skipulag deilda í báðum húsunum. Starfsáætlanir deildanna munu taka mið af þessum breytingum en eru þó byggðar á starfinu á líðandi skólaári. Næsta haust verður mikil fjölgun í elsta árgangnum hjá okkur og við verðum að skipta honum á tvær deildir. Bæði Bangsadeild og Kisudeild verða því með skólahóp og starfið verður með sömu áherslum. Deildarstjórar þessara tveggja deilda munu skipta með sér verkefnum. Önnur sér um elstu börnin og hin um yngri hópinn og munu svo allir fléttast saman í leik og starfi.

Einnig er árgangur 2021 mjög stór og verður hann á þremur deildum: Hvolpadeild, Ungadeild og að hluta til á Lundadeild í Litla Múla. Þess vegna ákváðum við að aldursskipta deildum á Litla Múla líka. Lundadeild verður með elstu börnin og Thelma verður deildarstjóri. Yngstu börnin verða á Ugludeild og Petra verður deildarstjóri þar.

Við höldum áfram með Innleiðingu Menntastefnunnar og leggjum áherslu á Heilbrigði og velferð. Við munum efla útikennslu svo um munar og byrja eldri deildir að ræða hvað heilbrigður lífstíll þýðir og hvernig við getum ástundað hann.

Kristín Árnadóttir
Leikskólastjóri

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
1 Starfsmannaaðstaða	Starfsmannakönnun Starfsmannaviðtöl Starfsmannafundur Deildastjórafundur	Allir starfsmenn	Starfsmannaaðstaða er sprungin. Kaffistofan er of lítil. Ekkert næði og tækifæri til hvíldar.

Það eru margir starfsmenn að vinna á Múlaborg. Það er alveg óhætt að segja að kaffistofan á stóra Múla er löngu orðin lítil. Fólk borðar oft sitjandi í sófa eða jafnvel standandi. Það er hvorki hægt að matast almennilega né slaka á. Það kom upp sú hugmynd að færa undirbúningsaðstöðu kennara yfir í litla Múla og nota gamla undirbúningsherbergið til að útbúa aðstöðu þar sem hægt verður að kúpla frá og hvíla sig. Vinnan er nú þegar hafin og á bara eftir að innrétta herbergið.

2 Skilastaða	Deildarstjórafundur Athugasemd frá foreldrum	Deildarstjórar	Oft erfitt að skipuleggja skilastöðu í tveimur húsum. Færri starfsmenn seinni part. Starfsfólk þarf að vera merkt. Erfitt að skrá börnin út þar sem WIFI nær ekki alls staðar í garðinum.
---------------------	---	----------------	---

Mörgum fannst erfitt að vera í skilastöðu eða á milli 16:00 og 16:30. Ákvörðun tekin um að skila í garðinum við litla Múla því þannig fær maður betri yfirsýn og hægt er að samnýta starfsfólk. Stjórnendur skiptast á að vera með í skilastöðu til að fá betri yfirsýn. Barst til tals að gera starfsfólk sýnilegra, t.d. með að vera í vesti. Útbúa plan svo að fólk viti hver á hvaða svæði og til að fyrirbyggja hópamyndun. Athuga hvort hægt er að laga/styrkja WIFI tengingu.

3 Kaffitímar barna	Deildarstjórafundur Starfsmannafundur	Deildarstjórar Allir starfsmenn	Finnst vanta fjölbreytileika í kaffitímum barna.
---------------------------	--	------------------------------------	--

Það er mikil ánægja með mat á Múlaborg. Það kom samt upp hugmynd um að bæta við BOOZT fyrir börnin. Keyptar voru tvær BOOZT vélar og nú skiptast deildirnar á að fá góða næringarríka drykki sem innihalda margar tegundir af ávöxtum og grænmeti ýmist frosnum eða ferskum. Tillit er tekið til þeirra sem eru með ofnæmi. Við erum að prófa okkur áfram með þetta.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
1 Endurmenntun starfsmanna	Starfsmannakönnun	Starfsmenn	Þörf á meiri hvatningu og ábendingar um tækifæri til endurmenntunar

Starfsmannakönnun kom mjög vel út og ánægjulegt að sjá flest öll atriði könnunar vera á leiðinni upp að jafnaði. En það er alltaf hægt að gera betur og bæta sig. Starfsfólk vill meiri fræðslu og ábendingar um tækifæri til endurmenntunar. Hér er tilvalið að vera virkur notandi á Torginu sem er fræðslubrunnur Reykjavíkurborgar. Töluvert af fólki er nú þegar búið að fá hvatningu um áframhaldandi nám og ábendingar um námstækifæri, t.d. tungumálakennslu og önnur námskeið sem eru tengd leikskólastarfi. Þetta á helst við um ófaglært starfsfólk.

2 Hljóðvist	Starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hljóðvist í stóra Múla er ekki góð.
--------------------	-------------------	------------	-------------------------------------

Mikið hefur verið rætt um ólíka aðstöðu á milli húsanna enda er nýja húsnæðið að bjóða upp á góða hljóðvist og betri aðstöðu fyrir starfsmannahópinn. Það hefur bæði borist til tals í ytri og innri könnunum. Við erum sammála um að þurfa að bæta starfsmannaðstöðu í stóra Múla og erum byrjuð að huga að breytingum. Undirbúningsaðstaða er nú öll í litla Múla og munum við því breyta þeirri gömlu í herbergi þar sem mun gefast færi á að kúpla sig frá og vera í ró og næði. Nauðsynlegt er að bjóða upp á góða hvíldaraðstöðu til að draga úr streitu starfsmanna. Herbergið mun einnig nýtast í starfi með börnum.

3 Móttaka nýrra deildarstjóra/ starfsmanna	Starfsmannakönnun	Starfsfólk Deildarstjórar	Umfang verkefna deildarstjóra er mikið og óljóst. Nýtt starfsfólk þarf almennt meiri stuðning og leiðsögn.
---	-------------------	------------------------------	--

Erfitt getur verið að byrja á nýjum vinnustað og hefur það borist til tals að fólk fær ekki nægan tíma til að komast inn í nýtt starfsumhverfi. Eins og gengur og gerist hafa aðstæður ekki endilega gefið tækifæri til þess og fólki er hent beint út í djúpu laugina. Leiðbeinendur hafa þó verið að fá regluleg samtöl við deildarstjóra og undirbúningstíma til að lesa starfsmannahandbókina. Þó er misjafnt á milli deilda hversu mikinn tíma deildarstjórar hafa gefið í samtöl við nýtt starfsfólk. Í vetur hefur verið erfitt að manna deildarstjórstöður og kemur einnig í ljós að þeir sem koma nýir inn þurfi mikinn stuðning og aðstoð þar sem umfang verkefna er óljóst og mikið. Hér má minnast á að ekki hefur fengið fagfólk í allar deildarstjórstöður. Það þarf einnig að útbúa handbók deildarstjóra.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
1 Viðvera stjórnenda í litla og stóra Múla	Að aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri eru að jafnaði sýnilegir í báðum húsunum	Að það sé sett upp viðveruáætlun	Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri	September 2024	Maí 2025	Endurmat seint að hausti og vori	- Að stjórnendur séu sýnilegir og virkir í báðum húsunum.
2 OneNote forrit notað til að halda utan um verkefni	Að aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri skrái verkefni og fylgi þeim eftir með OneNote forritinu	Að stjórnendur kynni sér forritið	Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri	September 2024	Maí 2025	Regluleg samvinna og samtöl	- Að stjórnendur fundi einu sinni í viku til að fara yfir verkefni sem eru búin og/eða þarf að framkvæma; - Að stjórnendur gangi í öll verkefni að jafnaði og fylgi þeim eftir.
Uppeldis- og menntastarf							
1 Útikennsla sem partur af heilbrigði og velferð barna	Að útikennsla sé fastur liður í daglegu starfi	Útikennsla sett í dagskrá deildanna minnst x1 í viku	Verkefnastjóri (MSZ) Deildastjórar	September 2024	Maí 2025	Deildarstjórafundir Reglulegt endurmat á deildum seint að hausti og vori	- Að Birkilundur er daglega notaður sem úti- kennslu/leiksvæði á öllum deildum; - Að hugmyndasafn útikennslu sé sett upp



							aðgengilegt öllum kennurum; - Að fleiri kennarar kynni sér útikennsluaðferðir á námskeiðum.
2 Einstaklingsnámskrár og foreldrasamvinna við gerð þeirra	Að foreldrar taki virkan þátt við gerð einstaklingsnámskráa Að ný einstaklingsnámskrá sé tekin í notkun haustið 2025	Að foreldrar fái að fylla út hluta af einstaklingsnámskrá barnsins Að einstaklingsnámskrár barna séu yfirfarnar og samræmdar á milli deilda	Deildarstjórar Sérkennslustjórar Aðstoðarleikskólastjóri Leikskólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Fagfundir	- Að foreldrar fái tækifæri til að tjá sig skriflega um óskir þeirra og vangaveltur varðandi þroska barnsins; - Að meiri samfella sé í einstaklingsnámskrám á milli árganga, deilda og húsa.
Mannauður/ Leikskólabragur							
1 Starfsmannasáttmálinn	Að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi sitt, árangur og hlutverk	Að starfsfólk fái regluleg samtöl við stjórnendur Að starfsfólk fái fræðslu/upprifjun á starfsdögum	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri Sérkennslustjórar Deildastjórar	Haust 2024	Vor 2025	Starfsþróunarsamtöl Almenn stutt samtöl við stjórnendur og deildastjóra Könnun Stuðningur til árangurs Hrós	- Starfsánægja - Minni veikindi - Starfsmannasáttmálinn sýnilegur



Innra mat

1 Útikennsla	Að útikennsla sé fastur liður á öllum deildum		Verkefnastjóri Deildastjórar	September 2024	Júní 2025	Starfsmannafundur Deildafundir	<ul style="list-style-type: none">- Að Birkilundur sé notaður sem útikennslustofa- Að útikennsla efli og hvetji börn og starfsfólk til hreyfingar og náms í óhefðbundnu umhverfi
---------------------	---	--	------------------------------	----------------	-----------	--------------------------------	---



4 Innra mat deilda

Litli Múli

Krumma-, Lunda- og Ugludeild 2023-2024

Styrkleikar

Tákn með tali: Starfsfólk notar TMT í daglegu starfi með börnum, leikskólinn er frábært vettvangur til þess að læra og tileinka sér TMT. Starfsfólk og börn eru fljót að læra ákveðin grunntákn sem þau geta nýtt sér í daglegu starfi.

Sjálfsfelling: Börnin eru móttækileg fyrir námi og starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að hvetja börnin og efla sjálfstæði þeirra í daglegu starfi. Börnin sýna framfarir daglega sem gefur starfsfólki aukinn kraft og metnað í að halda áfram að gera vel, halda áfram að hvetja þau áfram með jákvæðum samskiptum.

Hugarfrelsi: Markmiðið með hugarfrelsi er að kenna börnum einfaldar aðferðir við að efla sjálfsmynd sína og vera besta útgáfan af sjálfum sér, draga úr streitu og kvíða. Deildinni gekk vel að nota aðferðir Hugarfrelsis eftir kynninguna sem við fengum um notkun Hugarfrelsis í leikskólastarfinu. Við hlustum á rólega tónlist og gerum öndunaræfingar daglega í samverustundum. Í hvíldinni hlustum við á rólega tónlist sem hefur góð áhrif á börnin. Við unnum með styrkleika og tilfinningar.

Íslenska sem annað mál: Gefðu 10 er leið fyrir kennara til málörvunar og börn fá tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í barnahópnum. Við vitum að Gefðu 10 virkar og höfum verið dugleg að nýta okkur þessa aðferð og skrá á deildinni. Við ræðum á deildafundum hverjir þurfa 10. Málörvunarhópar eða minni hópar í samverustundum þar sem áhersla er á gæðamálörvun er eitthvað sem við viljum halda áfram að gera vel.



Heilbrigði: Þegar við skoðum heilbrigði og útiveru erum við sammála um að börnin eru að jafnaði virk og örugg úti. Þau fara í göngutúra þar sem þau kynnast umhverfi sínu og eru orðin örugg í garðinum á Stóra Múla.

Tækifæri

Tákn með tali: Við notum TMT í daglegu starfi en þar sem við þurfum að gera betur er að börnin þekki táknin sín og annarra barna á deildinni. Markmiðið er að starfsfólk notar oftár tákn barnanna þegar við tölum við börnin í daglegu starfi. Starfsfólk getur nýtt undirbúningstíma til þess að læra og efla sig í notkun TMT, einnig er mikilvægt að allir taki ábyrgð og vinni saman.

Sjálfsþing: Markmiðið er að börnin sýni aukið sjálfstæði, með hvarningu og tækifærum til þess að gera sjálf skapast vettvangur til náms fyrir börnin.

Hugarþreisi: Við vorum með skráningar sem hjálpuðu okkur að gera æfingarnar daglega. Það er eitthvað sem við þurfum að byrja aftur að gera og sjáum við þar tækifæri til umbóta. Með því að byrja aftur með skráningar eru auknar líkur á að öndunaræfingarnar haldist jafn reglulega í starfinu. Öndunaræfingarnar höfðu jákvæð áhrif á börnin og við teljum mikilvægt að halda þeim áfram.

Íslenska sem annað mál: Við viljum nýta okkur *Hæfniramma í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla*. Þar eru viðmið sem lýsa þróun á þeim færniþáttum sem mikilvægt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná í leikskólanum til þess að ganga sem best í íslensku skólakerfi í framtíðinni. Einn starfsmaður á deildinni myndi þá kynna sér hæfnirammanna vel og nýta þá þekkingu í að meta framfarir.

Heilbrigði: Börn eru eins ólík og þau eru mörg, sum börn njóta sín ekki í útiveru og viljum við nýta tækifæri til umbóta með því að aðstoða þau börn sem eru ekki virk í útiveru. Það felast mikil lífsgæði í því að njóta útiverunnar og ætlar starfsfólkið að hafa augun á þeim börnum sem eru óvirk í útiveru og efla þau.

Umbótaáætlun Litla Múla: Krumma- Lunda- og Ugludeild 2024-2025

Skólaárið á Litla Múla einkenndist af leik, gleði, sköpun og samveru. Frjálsi leikurinn naut sín, Lubbi var á sínum stað ásamt skipulögðum stundum eins og hópastarfi og íþróttum í sal. Við innleiddum hugarfrelsi inn á deildir þar sem við lögðum áherslu á meðal annars öndun og styrkleika. Starfsfólk kynnti sér Barnasáttmálann þar sem markmiðið var að innleiða áherslur hans í starfshætti okkar. Á litla Múla eru 48 börn sem skiptast á 3 deildir.



Sjálfsefling

Deildirnar hafa sjálfseflingu að leiðarljósi í öllum daglegum athöfnum þar sem börnin eru hvött til þess að gera hlutina sjálf, standa með sjálfum sér og hafa trú á eigin getu. Börnin eru eflað í að koma með sýnar hugmyndir, hvort sem það er í sköpun eða daglegu starfi. Á mánudögum tilnefnum við dagskipulagstjóra vikunnar, veðurfræðing, söngstjóra og matarþjón. Börnin skapa algjörlega á eigin forsendum í myndlist, þeim er ekki stýrt af kennara. Börnin sköpuðu eins og þeim einum er lagið, á sínum forsendum, þau kynntust mismunandi tegundum af málningu, litum og efnivið til þess að skapa með. Við leggjum líka mikla áherslu á að flest leikföng séu aðgengileg og í þeirra hæð svo þau geti leikið með það sem þau vilja að hverju sinni. Börnin æfðu sig að nota kopp og klósett og þvo sér um hendur. Börnin æfðu sig í að þakka fyrir matinn í matartímum og ganga frá eftir sig. Í fataklefa var lögð áhersla á sjálfstæði og eru börnin orðin ansi sjálfstæð og dugleg að klæða sig sjálf í fataklefanum.



Litli Múli: Krummadeild, Lundadeild og Ugludeild. Börn á aldrinum 1-3 ára.

Umbótaþáttur/matsþáttur

Sjálfsefling

Tækifæri til umbóta

Auka sjálfstæði barna og ýta undir trú á eigin getu.



Aðgerðir til umbóta	Hvetja börn til að reyna að klæða sig sjálf, fara á kopp/klósett
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Með skráningu og rætt á deildafundum.
Viðmið um árangur	Sýnilegur - börnin sjálfstæðari í fataklefa áður en þau fara á eldri deild, sækja föt og klæða sig.

Hugarfrelsi

Hugarfrelsi átti sitt pláss í dagskipulagi deilda þar sem börnin gerðu öndunaræfingar, skoðuðu eigin tilfinningar og hlustuðu á rólega tónlist. Öndunin hafði mjög góð áhrif á börnin sem voru farin að biðja okkur um öndunaræfingar í staðinn fyrir óskalög í samverustundum. Róleg tónlist í hvíldinni og frjálsum leik var einnig góð venja á deildunum. Við skoðuðum styrkleika og tilfinningar og lögðum áherslu á vináttu og jákvæðni. Jóga æfingar í skipulögðum samverustundum voru einnig vinsæl viðbót við starfið.

Litli Múli: Krummadeild, Lundadeild og Ugludeild. Börn á aldrinum 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta	Að börnin kynnist einföldum tilfinningum, styrkleikum og slökunaræfingum.
Aðgerðir til umbóta	Vera með styrkleika og tilfinningu mánaðarins. Slökunaræfingar fastur liður í samverustundum.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024- maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Rætt á deildafundum og skráningar
Viðmið um árangur	Virkar skráningar.



Íslenska sem annað mál

Deildirnar nýttu sér aðferðina *gefðu 10* og lögðu áherslu á málörvun með tvítyngdum börnum og þeim börnum sem þurftu. Við notum orðabók deildanna, nýttum okkur Lubba og póstkassamyndir. *Lubbi finnur málbein*: Lubbi okkar var á sínum stað, hann kom vikulega og kynnti okkur fyrir máhljóði vikunnar, hann byrjaði alltaf á því að knúsa börnin og svo sungum við saman lag vikunnar, skoðuðum myndir af hlutum með sama hljóð og hljóð vikunnar. Við hittumst svo í salnum á hverjum fimmtudegi og vorum með Lubbastund í sal með deildunum á Litla Múla.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Íslenska sem annað mál
Tækifæri til umbóta	Málörvunarhópar, nota gefðu 10 markvisst
Aðgerðir til umbóta	Skrá jafnóðum þegar við gefum 10.
Ábyrgð	Starfsfólk deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningar. Nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
Viðmið um árangur	Að börn sýni framfarir í íslensku

Heilbrigði (útivera)

Deildirnar fóru út allavega einu sinni á dag, við vorum aðallega í garðinum okkar en við fórum einnig í Birkilund, í göngutúra þar sem við kynntumst umhverfinu okkar og í heimsókn í garðinn á Stóra Múla. Börnunum þótti mjög gaman að fara í garðinn á Stóra Múla og við sáum þegar sumarflæðið byrjaði hjá okkur að börnin voru orðin virkilega örugg í stóra garðinum. Við nýttum Birkilund í allskonar nám, börnin voru meðal annars að flokka hluti úr umhverfinu eins og greinar og köngla, börnin týndu „rusl“ í Birkilundi (uppsett af starfsfólki), sköpuðu úr ruslinu og sýndu á barnamenningarhátíð.



Litli Múli: Krummadeild, Lundadeild og Ugludeild. Börn á aldrinum 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilbrigði
Tækifæri til umbóta	Virkja börn í útiveru
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk fylgist með börnunum í útiveru og hvetur áfram og styrkir þau sem eru óörugg.
Ábyrgð	Allir á deildum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Almennt mat á deildarfundum
Viðmið um árangur	Öll börn þekkja umhverfið sitt og njóta þess að leika sér úti

Tákn með tali

Tákn með tali er ríkt í menningu Múlaborgar, eftir morgunmat eru samverustundir þar sem við förum yfir skipulag dagsins, í hverri viku veljum við dagskipulagsstjóra, veðurfræðing, söngstjóra og matarþjón. Við sáum sýnilegan mun á notkun TMT hjá börnunum sem voru dugleg að tileinka sér tákn með tali og nýta í hlutverkum sínum. Þegar börn byrja í leikskólanum sjáum við fljótt hvað TMT er mikilvæg brú í samskiptum, börn tileinka sér oft táknin áður en þau byrja að tala. Eins höfum við tekið eftir að börn með annað móðurmál en íslensku nýta sér TMT til að tjá sig áður en þau læra að segja orð á íslensku.



Litli Múli: Krummadeild, Lundadeild og Ugludeild. Börn á aldrinum 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Tákn með tali
Tækifæri til umbóta	Við viljum efla notkun nafnatákna í daglegu starfi á leikskólanum og viðhalda almennri táknnotkun
Aðgerðir til umbóta	Starfsmenn æfa sig í TMT og nota í daglegu starfi, nota nafnatákn barnanna.
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Rætt á deildafundum og almenn vettvangsathugun
Viðmið um árangur	Sýnilegur árangur í daglegu starfi, börnin þekki táknin sín og annarra barna og geti nýtt sér í starfinu.



Stóri Múli

Hvolpadeild og Ungadeild 2023-2024

Í vetur hafa verið mannbreytingar á þessum tveimur deildum, önnur þeirra var ekki með fastan deildarstjóra. Á komandi skólaári verða börn úr sama árgangi á þeim báðum og því teljum við að best sé að meta styrkleika og tækifæri til umbóta sameiginlega til þess að koma til móts við þarfir allra barna á sama hátt.

Styrkleikar

Tákn með tali: Við erum dugleg að nota TMT í daglegum samskiptum við börnin, sérstaklega í söngstundum og samverustundum.

Íslenska sem annað mál: Málörvun fer fram í litlum hópum og í hópastarfi. Við tölum mikið við börnin og leggjum orð á þá hluti sem verið er að gera hverju sinni. Ef barn á erfitt með að komast inn í leik eða hafa samskipti þá er kennari alltaf til staðar til að aðstoða. Málörvun er skipulögð og fer einnig fram í öllum daglegum athöfnum. Lubbi mætir reglulega í samverustundir, sögustundir eru skipulagðar en bækur eru almennt mikið skoðaðar/lesnar alla daga. Flest allt í daglegu starfi er sjónrænt. PCS myndir eru alfarið notaðar samhliða TMT.

Hugarfrelsi: Við höfum verið að ræða grunn tilfinningar við börnin þar sem þau hafa fengið tækifæri til þess að segja frá líðan sinni hverju sinni. Við leitum að aðferðum til að hjálpa börnum að slaka á og við höfum nýtt okkur slakandi tónlist í daglegu starfi. Við ræðum um einn styrkleika og eina tilfinningu á tveimur vikum. Starfsmaður fer í jóga með börnunum einu sinni í viku. Við erum byrjuð að fara í hugleiðsluæfingar og öndunaræfingar.

Heilbrigði (útivera/útikennsla): Börnin eru að fá næga útiveru til þess að skoða og uppgötva umhverfið sitt. Útiveran er einnig notuð til þess að börnin fái nægilegt rými til að hreyfa sig og skapar ný námstækifæri. Við byrjuðum að fara í gönguferðir í vor og útinám í Birkilundi.



Sjálfsefling/Auka sjálfræði: Við erum dugleg í að efla sjálfsstæði barnanna með því að hvetja þau áfram og leyfa þeim að spreyta sig sjálf í öllum daglegum athöfnum, þau eru að klæða sig sjálf, byrjuð að ganga frá eftir matinn, fara sjálf á klósettið. Börnin fá fleiri hlutverk á deildinni, t.d. matarþjónn, bókavörður, dagsskipulagsstjóri, söngstjóri og veðurfræðingur.

Tækifæri

Tákn með tali: Vera virkari að nota TMT í öllu starfinu. Hver starfsmaður tekur eitthvað þema fyrir og verður sérfræðingur í því og leiðbeinir svo hinu starfsfólkinu.

Íslenska sem annað mál: Nota markvisst „gefa 10“ og skrá, útskýra orð fyrir börnum við lestur. Fara vel yfir og merkja betur kassa og hillur til að hafa sjónrænt hvað á að vera hvar. Nota samskiptabækur og hæfniramma til að meta framfarir fjöltýngdra barna. Vinna meira í litlum hópum og festa málörvun á hvern dag.

Hugarfrelsi: Nýta okkur lavander spreyið í slökun og glimmerflösku. Prófa nýjar leiðir og hugmyndir úr Hugarfrelsis kassa.

Heilbrigði(útivera/útikennsla): Vera dugleg að fara í gönguferðir. Útikennsla verði minnst einu sinni í viku.

Sjálfsefling/Auka sjálfræði: Auka sjálfseflingu barnanna með að gefa þeim rödd, hlusta á þeirra skoðanir og gefa þeim tækifæri til að segja sína skoðun bæði í samverustundum og daglegum athöfnum. Virkja börnin í að ganga frá eftir sig, klæða sig sjálf. Kenna börnunum að setja mörk í samskiptum með því að hvetja þau til orðanotkunar sem styrkir þeirra vilja eins og; „ég vil“, „ég vil ekki“ o.s.frv. Frjálsi leikurinn fær stórt pláss þar sem börnin geta skapað leikinn sjálf og geta unnið með sína reynslu og tilfinningar í gegnum hann.



Hugarfrelsi

Við höfum verið dugleg að vinna með styrkleika og tilfinningar en að öðru leyti þurfum við að gera betur. Við höfum verið að tala um tilfinningar en þurfum að ramma það betur inn með notkun aðferða sem Hugarfrelsi býður upp á.

Stóri-Múli: Hvolpadeild og Ungadeild Börn á aldrinum 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta	Festa hugarfrelsi einu sinni í viku. Nota Hugarfrelsiskassa.
Aðgerðir til umbóta	Setja Hugarfrelsi inn í vikuskipulag.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Að börnin læri að leggja orð á grunntilfinningar sínar.



Heilbrigði (útivera og útikennsla)

Við förum út 1-2 sinnum á dag. Við þurfum að bæta okkur í að vera með fjölbreyttari útiveru og skipulagðar ferðir og verkefni.



Stóri-Múli: Hvolpadeild og Ungadeild Börn á aldrinum 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilbrigði (útivera og útikennsla)
Tækifæri til umbóta	Fara í gönguferðir í kringum leikskólann. Vera með skipulögð útikennsluverkefni í Birkilundi og í umhverfinu í kring.
Aðgerðir til umbóta	Að útikennsla verði fastur liður í dagsskipulagi. Að nota tilbúin útikennsluverkefni.
Ábyrgð	Rósa
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Skráningar



Sjálfsefning

Börnin fá fleiri tækifæri til að tjá skoðanir sínar og að hlustað sé á þau við val á leikjum, leikföngum og í öðru daglegu starfi. Þau eru hvött til þess að klæða sig sjálf og fá aðstoð þegar þarf á að halda. Þau fá að skammta sér sjálf í matartíma að einhverju leiti og fá að prófa að hella í glös og nota hnífapör. Börnin ganga sjálf frá disknum og glasinu sínu. Börnin góðan tíma í frjálsan leik þar sem þau fá að velja leikföng og stjórna sjálf hvernig leikurinn fer fram.



fá

Stóri-Múli: Hvolpadeild og Ungadeild Börn á aldrinum 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsefning
Tækifæri til umbóta	Gefa börnunum tækifæri til að tjá sig um veru þeirra í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta	Gefa börnunum verkfæri (orð) sem hafa áhrif, setja mörk og láta í ljós skoðun þeirra
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Huglægt mat



Íslenska sem annað mál

Erum með Lubbastundir einu sinni í viku og sögustundir bæði skipulagðar og í frjálsum leik. Einnig notum við kósý herbergi í rólegar lestrarstundir yfir daginn. Þurfum að bæta okkur í skráningum í „Gefa 10“.



Stóri-Múli: Hvolpadeild og Ungadeild Börn á aldrinum 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Íslenska sem annað mál
Tækifæri til umbóta	Að öll málörvun sé skráð
Aðgerðir til umbóta	Að skráningarblöð séu notuð, að ábyrgðarmaður sé í verkaskiptingu starfsmanna
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Að skráningar um málörvun séu til staðar sem hægt sé að vitna í til að mæla árangur



Tákn með tali

Við erum mikið að tákna í samverustundum. En við erum að reyna að bæta okkur í því að nota TMT í öllu starfinu yfir daginn.

Stóri-Múli: Hvolpadeild og Ungadeild Börn á aldrinum 3-4 ára		
Umbótaþáttur		Tákn með tali
Tækifæri til umbóta		Vera virkari að nota TMT í öllu starfinu yfir daginn.
Aðgerðir til umbóta		Hver starfsmaður tekur TMT þema fyrir og bætir við þekkingu sína. Leiðbeinir svo hinu starfsfólkinu.
Ábyrgð		Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?		Á deildarfundum
Viðmið um árangur		Að starfsfólk þekki fleiri tákni og verði öruggara með notkun þeirra



Bangsadeild 2023-2024

Styrkleikar

Sjálfsefling: Sjálfsefling er mikilvægur partur í starfi deildarinnar. Við höldum áfram að hvetja börnin að vera sjálfstæð í daglegum athöfnum og æfa sig að leysa úr einföldum ágreiningi þegar það á við. Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á starf deildarinnar.

Hugarfrelsi: Við höfum verið að vinna með Hugarfrelsi í samverustundum og hópastarfi. Við gerum hugleiðsluæfingar, öndunaræfingar og förum í jóga.

Íslenska sem annað mál: Við erum með málörvun á morgnana í litlum hópum. Einnig notum við *Gefa 10*. Myndrænt skipulag er notað í daglegu starfi ásamt TMT.

Heilbrigði (útivera/útinám): Við förum alltaf út að leika minnsta kosti einu sinni á dag, oft tvisvar. Við förum einnig í gönguferðir og í útinám í Birkilundi.

Tækifæri

Sjálfsefling: Að börnin auki orðaforða sinn um tilfinningar og átti sig á því að það eru til leiðir til að hjálpa okkur að takast á við þær. Að æfa börnin í að svara opnum spurningum um nærumhverfi sitt.

Hugarfrelsi: Hafa Hugarfrelsið fast í skipulaginu. Halda áfram að vinna með tilfinningu vikunnar og styrkleika vikunnar.

Íslenska sem annað mál: Halda utan um Gefðu 10 með skráningum. Taka upp samskiptabækur þegar við á.

Heilbrigði (útivera/útinám): Fara oftari í gönguferðir og skipulagðar vettvangsferðir. Útikennsla sé partur af vikuskipulagi og nota þau útikennsluverkefni sem til eru.



Sjálfsfelling



Við höldum áfram að hvetja börnin til að vera sjálfstæð í daglegum athöfnum. Við lesum og vinnum áfram með bækur um líðan og tilfinningar. Einnig höfum við gert allskonar kjarkæfingar og leggjum mikla áherslu á að börnin geri sjálf. Við kennum börnum að setja mörk í samskiptum. Frjálsi leikurinn er mjög mikilvægur og þar fá börnin rými til að tjá sínar tilfinningar og leika út frá sinni reynslu. Við vinnum með lýðræði. Við spyrjum börnin oft hvaða leikföng þau vilja leika með, hvaða bók þau vilja að við lesum o.s.frv. Við æfum börnin líka í að koma fram, þau fá einnig mörg hlutverk á deildinni en einnig þegar við erum með danssýningar og bjóðum öðrum deildum og foreldrum að koma og horfa á.

Stóri-Múli: Bangsadeild. Börn á aldrinum 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta	Að börnin auki við orðaforða sinn um leið og þau læra um tilfinningar
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk kynnrir sér orðaforðalista frá MMS og noti Hugarfrelisiskassa
Ábyrgð	María
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Huglægt mat á samskiptum barna



Hugarfrelsi

Við vinnum með öndunaræfingar í samverustundum, í hvíld, í hópastarfi og á öðrum tímum ef þörf er á. Einnig lesum við og segjum jóga sögur í hvíld. Við vinnum mikið með bækur um tilfinningar og sjálfseflingu.

Stóri-Múli: Bangsadeild. Börn á aldrinum 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta	Skipulagðar stundir í Hugarfrelsi
Aðgerðir til umbóta	Hafa Hugarfrelsið fast í vikuskipulaginu Halda áfram að vinna með tilfinningu vikunnar og styrkleika vikunnar
Ábyrgð	María og Jóhanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Skráningar



Íslenska sem annað mál

Það er málörvun á hverjum degi. Lesstundir eru á hverjum degi, við skiptum alltaf í tvo hópa. Við lesum líka mikið í hvíld eða hlustum á sögu. Við reynum að nýta vel frjálsa leikinn til að spjalla við börnin, spila, lesa í sófanum og *baða börnin í orðum*. Við notum líka *Gefa 10*.



Stóri-Múli: Bangsadeild. Börn á aldrinum 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Íslenska sem annað mál
Tækifæri til umbóta	Skráningar
Aðgerðir til umbóta	Halda utan um Gefðu 10 með skráningum. Taka upp samskiptabækur þegar við á.
Ábyrgð	María og Jóhanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum
Viðmið um árangur	Skráningar sem hægt er að vitna í ef þörf er á



Heilbrigði (útivera og útikennsla)

Við förum alltaf einu sinni út á dag, oft tvisvar. Við erum byrjuð að fara í útikennslu í Birkilundi en þurfum að skipuleggja það betur í vetur.

Við höfum farið í einstaka vettvangsferðir og mættum gera það oftari. Við ræðum um matinn sem við borðum, svefn, líkamann og hvernig við getum verið við bestu heilsu.

Við tölum um veður, finnum fleiri orð sem lýsa því og skoðum hvernig veðrið hefur áhrif á okkur.



Stóri-Múli: Bangsadeild. Börn á aldrinum 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilbrigði
Tækifæri til umbóta	Skipulögð útikennsla
Aðgerðir til umbóta	Koma útikennslunni inn í skipulagið. Nýta útikennslustofuna í Birkilundi betur. Fara oftari í gönguferðir. Ræða við börnin um mikilvægi góðrar heilsu, svefns og næringar.
Ábyrgð	María og Richards
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Eiga virkar samræður við börnin um hvað þau vilja gera. Gera börnin að virkari þátttakendum.
Viðmið um árangur	Að útikennsla sé fastur liður í daglegu starfi. Skráningar.



Kisudeild 2023-2024

Styrkleikar

Sjálfsefling: Sjálfsefling á KD hefur gengið mjög vel og er rauður þráður í öllu starfinu á deildinni, allt frá umræðum í samverustundum yfir í áskorunum sem börnin mæta í fataklefa. Við höfum skráð 5 styrkleika á hvert barn í samstarfi við foreldra og börnin vita hverjir þessir styrkleikar eru. Í leiðinni aukum við orðaforða barnanna.

Hugarfrelsi: Við skiptum út hefðbundinni hvíld og ákváðum að vinna með Hugarfrelsi í staðinn. Börnin þurfa ekki hefðbundna hvíld þannig að núna gerum við hugleiðsluæfingar, jógaæfingar og öndunaræfingar. Stundum breytum við til með félagsfærniæfingum eða förum í leiki.

Íslenska sem annað mál: Málörvun, TMT, söngstundir, lesstundir, virkni starfsfólks – spjalla við matarborðið í hádegi og kaffitíma. Setja orð á allar athafnir. Tala allan daginn og spjalla.

Heilbrigði (útivera/útinám): Við förum út daglega nema ef það er beinlínis hættulegt eða heilsuspillandi. Við erum dugleg að skoða nærumhverfi og förum í margar vettvangsferðir. Samstarf við íþróttafélagið Víking.

Myndlist: Myndlist út frá nálgun Reggio Emilia. Samstarf við Myndlistarskóla Reykjavíkur.



Sjálfsfelling

Stóri-Múli: Kisudeild. Börn á aldrinum 4-6 ára	
Umbótapáttur/matspáttur	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta	Að börn verði örugg í samskiptum og sjálfstæð. Sjálfshjálp sé góð.
Aðgerðir til umbóta	Allt starfsfólk vinnur skv. áætlun sem miðar að því að láta reyna á getu barnanna, sjálfshjálp og sjálfstæði
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á hálfsmánaðarlegum deildarfundum
Viðmið um árangur	Börnin eru fær um að vera sjálfstæð í grunnskóla

Hvetja börn til þess að æfa sig að klæða sig sjálf í fataklefanum – hjálpa hvort öðru. Biðja um hjálp frá hvort öðru. Börn geta hjálpað öðrum börnum. Sumir kunna og geta aðstoðað.

Deilumál: Hvetjum börnin til þess að leysa vandamál sjálf – hjálpa þeim að útkljá vandamál eða erjur sjálf – hjálpa þeim að tjá sig og segja þeim hvað þau vilja og hvað ekki – setja mörk í samskiptum. Læra að segja: „Nei, ég vil ekki láta gera þetta við mig“ o.s.frv.

Í útiveru beita þau sér öðruvísi – margir krakkar ögra sér meira í útiveru en inni á deild – þar geta þau upplifað að vera hugrökk og fá að hækka róminn, hlaupa um, ráða sér sjálf án þess að kennari sé að skipta sér af.

Börnin fá líka mörg tækifæri til þess að taka þátt í frjálsum leik og skapa eigin leikheim. Frjáls leikur tekur mesta plássið í dagskipulaginu.

Við höfum verið að nota Hugarfrelsi og einblínum mikið á tilfinningar, jóga, öndun, hugleiðslu - að vera sáttur í eigin líkama. Geta sagt hvernig okkur líður. Styrkleikahendur í Hugarfrelsi - börnin lærðu að þekkja eigin styrkleika með hjálp foreldra og starfsfólks. Við fundum 5 styrkleika hjá hverju barni í samstarfi við foreldra. Við ræddum um styrkleika okkar og hvernig við notum þá. Næst er að setja sér markmið: Það er hægt að rækta fleiri styrkleika – gróskuhugarfar vs. fastmótað hugarfar. Börnin læra að það er hægt að vaxa og blómum á sig bæta. Okkur langar að taka þetta fyrir í samverustundum.

Við æfðum okkur að hrósa hvort öðru og hrósa foreldrum heima.

Við æfum okkur í samskiptum og tölum og tjáum okkur í samverustundum fyrir framan hópinn. Við æfum okkur að bíða eftir að einn klári að tala – t.d. með því að rétta upp hönd þegar við erum í samverustundum eða við matarborðið.

Erum byrjuð að bjóða upp á karókí á föstudögum og þá syngja börnin fyrir framan félagu sína. Það er ekki í boði að hlaupa í burtu um leið og maður sjálfur er búinn að syngja heldur horfum við líka á félagu okkar spreyta sig – klöppum fyrir þeim og hrósum.

Þurfum að auka lýðræði í skólastarfinu – spyrja börnin hvað þau vilji gera og gefa þeim færi á að hafa áhrif á nám sitt.

Hugarfrelsi

Stóri-Múli: Kisudeild. Börn á aldrinum 4-6 ára	
Umbótapáttur/matspáttur	Hugarfrelsi
Tækifæri til umbóta	Hafa Hugarfrelsið markvissara Tilfinning vikunnar Styrkleiki vikunnar
Aðgerðir til umbóta	Skipta Hugarfrelsi á daga. Allir mánudagar væru t.d. hugleiðsludagar, miðvikudagar væru jógadagar og fimmtud. öndunardagar. Festa í sessi tilfinningu vikunnar/styrkleika vikunnar og ræða í upphafi viku (mánudögum) þannig að börn læri ný hugtök/orð og geti tileinkað sér þau og öðlist sterkari sjálfsþekkingu
Ábyrgð	Bragi og Súsanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á hálfsmánaðarlegum deildarfundum
Viðmið um árangur	Huglægt mat og skráningar

Við erum með Hugarfrelsi á hverjum degi í hvíld, 30 mín. á dag. Við tökum fyrir öndun, hugleiðslu eða jóga. Stundum förum við í leiki sem tengjast sjálfsefningu. Stundum lesum við bækur sem tengjast sjálfsefningu og eigum góðar umræður um efni bókarinnar.

Það væri gott að setja plan þar sem að mánudagar væru hugleiðsludagar, miðvikudagar jógadagar og fimmtudagar öndunardagar. Erum að skoða hvort að Hugarfrelsið sé of langt til að nota í hvíld (30 mín).

Hugsanlega vera sveigjanleg með Hugarfrelsið. Kannski hægt að byrja hvíldina á Hugarfrelsi og svo bjóða upp á lestur.

Önnur tillaga væri að hafa Hugarfrelsið fyrir mat (15 mín) og lesstund í hvíldinni (30 mín).

Festa í sessi tilfinningu vikunnar/styrkleika vikunnar og ræða í upphafi viku (mánudögum) í morgunsamveru þannig að börn læri ný hugtök/orð og geti tileinkað sér þau og öðlist sterkari sjálfsþekkingu.



Íslenska sem annað mál

Stóri-Múli: Kisudeild. Börn á aldrinum 4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Íslenska sem annað mál
Tækifæri til umbóta	Skráningar á málörvun tvítyngdra barna
Aðgerðir til umbóta	Hafa einfaldari lesstundir fyrir þau börn sem eru að detta út í lesstund. Leggja áherslu á TMT (starfsfólk nýtir undirbúningstíma sinn). Halda áfram málörvun á hverjum degi. Leggja orð á athafnir og tákna með. Málörvun í matartíma. Lesi einfaldari bækur fyrir þá sem þurfa.
Ábyrgð	Bragi og Súsanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Á hálfsmánaðarlegum deildarfundum
Viðmið um árangur	Hæfnirammur í íslensku-skráningar

Bragi sér um málörvun á hverjum degi.

Við lesum í lesstund á hverjum degi. Við erum með bókavörð sem skiptir út bókum vikulega.

Söngur – lag vikunnar. Söngstund á þriðjudögum eftir hádegi – tveir söngstjórar.

Við leggjum orð á athafnir – notum tákna með tali. Spjalla við matarborðið og skapa notalega stemningu þar sem matur og samskipti mætast=matarmenning. Allt starfsfólk þarf að sýna frumkvæði og brydda upp á jákvæðum samskiptum.

Lesi einfaldar sögur í bland við flóknari.

Að starfsfólk noti TMT með börnunum og nýti undirbúningstíma sinn í að rifja upp tákna og læra ný.



Heilbrigði (útivera og útikennsla)

Stóri-Múli: Kisudeild. Börn á aldrinum 4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heilbrigði
Tækifæri til umbóta	Festa útikennslu í sessi. Nýta útikennslustofuna í Birkilundi og nærumhverfið í hverfinu
Aðgerðir til umbóta	Koma útikennslu í dagskipulagið. Nota verkefni fyrir útikennslu og setja upp útikennslustundir. Eiga samtál um vellíðan og líkamann í t.d hópastarfi í samb. við mannlíkamann og virkni hans. Við viljum eiga samtál um góðan svefn, næringu, vellíðan o.s.frv. með börnunum
Ábyrgð	Súsanna og Marsela
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Eiga virkar samræður um ánægju barnanna og hvað þau vilja hafa í hópastarfi og af hverju. Gera börnin að virkari þátttakendum og gefa þeim færi á að móta eigið nám. Einnig ræðir starfsfólk sín á milli á deildarfundum
Viðmið um árangur	Skráningar

Við förum reglulega í vettvangsferðir.

Þurfum að fara oftár í gönguferðir um nærumhverfið – hægt að samræma útikennslu og gönguferðir. Hægt að nýta skólalóðina við Álftamýrarskóla.

Við höfum farið í Víkingsheimilið nokkrum sinnum.

Heilbrigði: Kunna að setja sér mörk, skipuleggja starfið þannig að streita, álag og áreiti hafi minni áhrif á börnin. Skólinn á að vera griðarstaður.



Væri gott að hafa umræður um góðan svefn, næringu, vellíðan o.fl. með börnunum. Við ræddum um einkastaði og hversu mikilvægt það er að setja mörk í samskiptum. Tengist sjálfsefningu og Hugarfrelsi. Við gætum útfært það í hópastarfi þegar við t.d. skoðum mannslíkamann.

Hópastarf

Stóri-Múli: Kisudeild. Börn á aldrinum 4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Gefa okkur góðan tíma í að undirbúa krefjandi verkefni sem eru hnitmiðuð og aldurssvarandi.
Aðgerðir til umbóta	Allt starfsfólk nýtir undirbúningstíma til þess að undirbúa hópastarf fyrir komandi viku/vikur.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '24 - maí '25
Hvenær og hvernig á að meta?	Eiga virkar samræður um ánægju barnanna og hvað þau vilja hafa í hópastarfi og af hverju. Gera börnin að virkari þátttakendum og gefa þeim færi á að móta eigið nám. Einnig ræðir starfsfólk sín á milli á deildarfundum
Viðmið um árangur	Ánægja og þátttaka barna, metin út frá samtölum við börn. Við metum stöðuna á hálfsmánaðarlegum deildarfundum.

Gefa okkur góðan tíma í að undirbúa krefjandi verkefni sem eru hnitmiðuð og aldurssvarandi.
Allt starfsfólk nýtir undirbúningstíma til þess að undirbúa hópastarf fyrir komandi viku/vikur.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu	<p>Sérkennsla fer að öllu jöfnu fram í almennu starfi inni á deild. Ef um einstaklingskennslu er að ræða þá er hún í stuttan tíma í senn og þess gætt að barnið missi ekki af neinu. Tekin eru út 4-6 markmið úr einstaklingsnámskrá og unnið með þau sérstaklega í 6 vikur. Farið er yfir markmiðin á teymisfundi og þau endurmetin. Einstaklingskennsla fer fljótt út í það að bjóða einu eða fleiri börnum með eftir því hvað við á hverju sinni.</p> <p>Það er vinnuregla í leikskólanum að þegar grunur vaknar um einhver frávik þá er byrjað strax að vinna með barnið. Við erum með PCS myndir og notum þær til stuðnings við allar daglegar athafnir. Við notum TMT samhliða myndunum. Þau börn sem eru óörugg með íslenska tungu fá dagbækur og/eða samskiptabækur. Við útbúum orðabækur með táknum til að leggja inn orð og tákn. Allar skráningar í sérkennslu eru eins uppbyggðar, merkt er við 0-1-2 eins og í AEPS færnimatinu.</p>
Hvaða matsgögn voru notuð?	<p>Einstaklingsnámskrár eru unnar upp úr <i>AEPS færnimatinu</i>. Þroskaþjálfni/umsjónarmaður sérkennslu deildarinnar í samvinnu við sérkennslustjóra og foreldra fylla út lista og eru markmiðin valin út frá niðurstöðum athuganna og eru endurskoðuð á sex vikna fresti. Færnimatið er lagt fyrir minnst tvisvar sinnum á ári en það fer eftir framförum hvers og eins. Eins er <i>Íslenski þroskalistinn</i> lagður fyrir auk Smábarnalistans. <i>TRAS skráningar á málþroska</i> barna eru einnig notaðar. <i>HLJÓM-2</i> er lagt fyrir elstu börnin og <i>EFI-2</i> fyrir börn á fjórða aldursári</p>
Hvaða námsefni var notað?	<p>PCS myndir eru stór þáttur í sérkennslu á Múlaborg og þarf stöðugt að yfirfara þær, endurnýja og búa til nýjar og töluverð vinna og útgjöld eru alltaf lögð í þá vinnu. Einnig felst mikil vinna í að útbúa orðabækur með táknum fyrir þau börn sem það þurfa. Við höfum verið að útfæra kennslugögn með tilliti til þeirra barna sem þess þurfa og einnig eru kennslugögn útbúin sérstaklega, m.a. fyrir barn með lögblindu. Mikil vinna er enn að fara fram við að útbúa námsgögn til að samræma bæði húsinn.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannauður: Hlutverk og verkefni þriggja sérkennslustjóra
Tækifæri til umbóta	Samstillta hlutverk þriggja sérkennslustjóra
Aðgerðir til umbóta	-Fastir vikulegir fundir -Daglegt „check in“ -Styrkleikar fái að njóta sín
Ábyrgð	Brynhildur, Ólöf og Eyrún
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með óformlegum hætti
Viðmið um árangur	Hlutverk hvers sérkennslustjóra séu skýr

Umbótaþáttur/matsþáttur	Skipulag: Skráning á því námsefni sem er til í leikskólanum
Tækifæri til umbóta	Útbúa lista yfir það efni sem til er í sérkennslu. Svo námsefnið sé aðgengilegra og ekki sé verið að búa til gögn sem eru til nú þegar.
Aðgerðir til umbóta	-Yfirfara gögn -Útbúa lista
Ábyrgð	Brynhildur, Eyrún og Ólöf
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með óformlegum hætti
Viðmið um árangur	Listinn tilbúinn og í stöðugri endurskoðun



Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun: Aðkoma á deildarfundum
Tækifæri til umbóta	Aðkoma sérkennslustjóra að deildarfundum, stuðningur við deildarstjóra og ábyrgðarmenn sérkennslu inn á deildum
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla til starfsmanna um þætti sem snúa að sérkennslu
Ábyrgð	Brynhildur, Eyrún og Ólöf
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með óformlegum hætti. Fundir reglulega þar sem þessi þáttur er ræddur.
Viðmið um árangur	Sérkennslustjórar eru sýnilegir á deildafundum

Umbótaþáttur/matsþáttur	Skipulag á sameignarsvæði í tölvukerfi
Tækifæri til umbóta	Betra og skýrara skipulag á möppum til að bæta aðgengi
Aðgerðir til umbóta	-Endurskoða heiti á skjölum -Raða skjölum í réttar möppur -Verklag varðandi heiti á skjölum
Ábyrgð	Brynhildur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 til desember 2024
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með óformlegum hætti
Viðmið um árangur	Möppur eru skýrar og skjöl aðgengileg



Greinagerð sérkennslustjóra

Veturinn 2023-2024 var vetur breytinga. Einn sérkennslustjóri var í sérkennslustjórastöðu sem á að vera 2,75% starfshlutfall. Þetta gekk upp þar sem á Múlaborg vinnur góður starfsmannahópur sem hjálpast að þegar þörf er á. Í janúar kom svo annar sérkennslustjóri og sá þriðji byrjaði í apríl. Í vetur voru 17 börn sem nutu sérkennslu/stuðnings frá 2 tímum upp í 8,5. 13.9 stöðugildi hafa sinnt þessum málaflokki auk sérkennslustjóra.

Á lausnateymisfundum voru tekin fyrir 18 mál og 18 tilvísanir sendar til Norðurmiðstöðvar. Um áramótin tók nýtt fjárhagsúthlutunarkerfi við í sérkennslu, einnig nýtt verklag sem tók smá tíma að átta sig á en okkur sýnist það vera til bóta fyrir þau börn sem þurfa aðstoð.

Leikskólinn Múlaborg tekur þátt í starfendarannsókn á vegum Erasmus. Þrjú háskólar í þremur löndum; Portúgal, Belgía og Ísland gera rannsóknina en 2 leikskólar frá hverju landi eru þátttakendur. Markmið starfendarannsóknarinnar er að bæta vinnubrögð og efla starfið. Við höfum verið að skoða vel teymisfundina hjá okkur svo þeir nýtist foreldrum og börnum sem best. Einnig höfum við lagt áherslu á valdeflingu foreldra og aukna þátttöku barna á teymisfundum. Við höfum sýnt myndband af barninu í leik og starfi á leikskólanum í byrjun fundar hjá nokkrum börnum og hefur það alltaf slegið í gegn. Þetta ætlum við að festa í sessi með þeim börnum sem njóta sérkennslu. Teymisfundir eru haldnir á 6 vikna fresti.

Nú þegar sérkennslustjórar eru orðnir 3 gefast fleiri tækifæri til úrbóta. Við erum að samræma og skipta á milli okkar þeim verkefnum sem heyra undir starf sérkennslustjóra. Við viljum hafa hlutverk okkar skýr og aðgengileg. Við erum að skoða vel styrkleika okkar og deilum niður verkum eftir því. Við ætlum að fara reglulega inn á deildafundi og gera fræðslu fyrir starfsfólk markvissari.

Síðast en ekki síst má minnst á það að Múlaborg er ráðgjafaleikskóli og hafa 15 leikskólar/hópar/einstaklingar fengið ráðgjöf hjá okkur á þessu skólaári þar af tveir stórir hópar erlendis frá. Vegleg kynning á vegum Múlaborgar á Menntastefnumóti var nú í vor þar sem sérkennslan var kynnt og vakti mikinn áhuga gesta úr öllum áttum.

6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjöldi barna af erlendum uppruna sem hefur verið að fá málörvun á Múlaborg er 45 (35% barna á Múlaborg). Allir foreldrar hafa verið að fá tvö eða fleiri viðtöl (eftir þörfum) á ári þar sem túlkar hafa verið notaðir. Túlkar hafa einnig verið að hringja í foreldra fyrir okkar hönd með stutt skilaboð. Auka kostnaður hefur alltaf fylgt framleiðslu á PCS myndum sem eru mikið notaðar í vinnu með börnum af erlendum uppruna. 2 nýjar beiðnir um athugun talmeinafræðings hafa verið sendar á skólaárinu.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?</p>	<p>Markvisst er unnið með daglegan orðaforða barna, börn fara í málörvun daglega í minni hópum á öllum deildum. Verið er að nota <i>Orðaskil</i> listann til hliðsjónar en hann gefur góða mynd af grunnorðaforða hjá ungum börnum. <i>PCS</i> myndir eru notaðar daglegar og <i>TMT</i> er virkt á öllum deildum. <i>Samskiptabækur</i> eru notaðar á öllum deildum, einnig sérútbúnar <i>orðabækur</i> á hverri deild og fyrir þau börn sem þurfa. <i>Gefðu 10</i> er notað á öllum deildum. <i>Póstkassar</i> með myndum til málörvunar eru notaðir á hverri deild. <i>Lubbi finnur málbein</i> er notaður á hverri deild sem og Orð vikunnar.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða?</p>	<p>Markvisst er verið að dýpka orðaforða barnanna. Mikið er af nýjum sérútbúnum spilum á <i>Veggnum</i>, spilum sem ná yfir mjög marga orðaflokka, yfirhugtök og stærðfræði svo eitthvað sé nefnt. Mikið er lesið fyrri börn. Skjábókum hefur fjölgað en það er afar vinsælt kennsluefni ásamt loðtöflusögum. Börnin eru alltaf að læra ný og flóknari lög og vísur. Fjölbreytt dagskrá fyrir samverustundir er á öllum deildum. Þemadagar eru oft yfir árið auk þess að farið er alltaf yfir efni tengt íslenskum sérdögum, eins og Þorra og Þessháttar. Skjávarpar eru notaðir á deildum, börn fá að fræðast um allt milli himins og jarðar, t.d. dýraríkið, geiminn og annað fræðsluefni. Ýmsar aðrar leiðir eru farnar til að dýpka orðaforða, t.d. eru öll börn að fara í vettvangsferðir, taka þátt í stærri viðburðum eins og Barnamenningahátíð en slík verkefni kalla á mikla undirbúningsvinnu og úrvinnslu. Við erum með lag vikunnar og orð vikunnar, tákn vikunnar, tilfinningu vikunar og Lubbahljóð vikunnar.</p>



<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku?</p>	<p>Engin sérstök matstæki eru notuð til að mæla framfarir erlendra barna. Þær skráningar sem hafa verið í boði hafa fundist of umfangsmiklar en kennarar hafa haft þær til hliðsjónar. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir erlend börn alveg eins og fyrir öll önnur, í byrjun eru notaðir <i>orðalistar</i> þar sem kennarar skrá orð sem barnið er komið með en þegar orðum fer að fjölga til muna tekur <i>TRAS</i> við. Verið er að skoða það að fara yfir <i>TRAS</i> oftár en tvisvar á ári til að sjá hvort barnið er að sýna framfarir. Hægt er að sjá framfarir í innihaldi samskiptabóka.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla?</p>	<p>Mikið er unnið með alla þessa þætti, sjálfsefning hefur t.d. verið aðal hugtak í gegnum allt starfið í vetur og hefur það náð til allra barna. Markvisst er verið að vinna með hljóðkerfisvitund allra barna og hafa börn með annað tungumál en Íslensku sýnt ágæta getu á <i>HLJÓM-2 athugun</i>. Unnið er með <i>Lubba</i> á öllum deildum. Verkefnið <i>Ég sjálfur</i> hefur verið í gangi á eldri deildum þar sem börnin fengu að kynna sig og sitt heimili og áhugamál. Öll börn fá hlutverk á deildum sem þau velja sér sjálf, koma fram sem veðurfræðingar, kynna dagskipulag, verða söngstjórar og margt annað. Við reynum alltaf að ná til allra barna óháð tungumáli, það fá allir tækifæri til að læra á sínum hraða og eftir áhuga.</p>



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Múlaborg – allar deildir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skráningar á málörvun
Tækifæri til umbóta	Það vantar upp á skráningar á málörvun á flestum deildum, þó margt sé orðið nokkuð gott.
Aðgerðir til umbóta	Gera skráningar að daglegri rútínu allra á deildinni. Eftirfylgd, samvinna og ábyrgð fagaðila.
Ábyrgð	Deildastjórar og sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningarblöð, farið yfir skráningarblöðin á deildarfundum og fagfundum.
Viðmið um árangur	Skráningar virkar á öllum deildum.

Múlaborg – allar deildir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
Tækifæri til umbóta	Það hefur vantað upp á sýnileg viðmið um þróun varðandi tileinkun annars tungumáls
Aðgerðir til umbóta	Nota hæfniramma sem menntamálastofnun hefur gefið út.
Ábyrgð	Deildastjórar og sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Óformlegt mat á deildastjórafundum og skráningar.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk þekki hæfniramma og notar þá í starfi sínu inn á deildum leikskólans.



Skráningar á málörvun

Skráningar eru leið fyrir kennara að sýna fram á að þeir eru að sinna þeim verkefnum sem þeir eiga að sinna. Þegar skráningar eru virkar og sýnilegar fá börn þá örvun sem þau þurfa til þess að tileinka sér annað tungumál. Mikilvægt er að byrja um leið og faglegt starf hefst í september en þannig er grunnurinn lagður fyrir haustið.

Að nota hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Í hæfnirömmunum eru ákveðin viðmið um þróum á færni hjá börnum sem eru að tileinka sér annað tungumál en móðurmál. Í leikskólanum er mikilvægt að vinna markvisst að þeirri hæfni sem mikilvæg er fyrir næsta skólastig. Þau viðmið í hæfnirömmunum eru ætluð til þess að auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku. Hæfnirammarnir segja til um það hvaða áherslur eru mikilvægar að vinna með hverju barni fyrir sig með tilliti til aldurs og þess tíma sem barn hefur dvalið á Íslandi. Markmiðið er að barn þrói með sér ríkulegan orðaforða og félagsleg tengsl.



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru enn í gangi. Mikil ánægja er með flest allt þó er alltaf hægt að gera betur og bæta sig. Fólk er t.d. að setja út á aðbúnað í stóra Múla, þá helst hljóðvist, starfsmannastóla og þörf á plássi til að kúpla sig út. Leiðbeinendum finnst vanta hvatningu til endurmenntunar og hugmyndir að námskeiðum. Það reynist erfitt að halda úti reglulegum samtölum við svona margt starfsfólk, mikið áreiti er alla daga, veikindi og önnur fjarvera hafa oft áhrif og draga úr framkvæmd viðtala. Starfsfólk hefur þó alltaf aðgang að stjórnendum og getur fengið samtal ef óskað er eftir því. Engin erfið starfsmannamál hafa verið áhyggjuefni á þessu skólaári.

Fagfólk og deildastjórar hafa fengið fræðslu í eftirfarandi:

AEPS færnimat

TRAS málþroskaskráning

HLJÓM-2

EFI-2 málþroskaskimun

Útikennsla

Brú á milli landa

Leiðtoganámskeið menntaflettu

Forystunám

Málþroskaröskun

Markviss málörvun

Tengslaröskun barna

Leikurinn sem námsleið

Starfsmaður fór á ráðstefnu á vegum *EECERA* sem haldin var í Lissabon í Portúgal.

Gentle teaching ráðstefna var einnig haldin í Portúgal en tveir starfsmenn sóttu hana.

ERASMUS verkefnið heldur áfram en það sameinar þrjú lönd – Ísland, Portúgal og Belgíu.



Fjöldi starfsmanna fór í *Nýliðafræðslu* og allir fengu fræðslu um *Kynferðisofbeldi*.
Starfsmannasáttmáli var innleiddur í tveimur hlutum á starfsdögum.
Hugarfrelsi var innleitt á tveimur starfsdögum.
Tveir starfsmenn sóttu kennslu í *Íslensku sem öðru máli*.

Fimm starfsmenn stefna á frekara háskólanám. Einn starfsmaður fer í grunnnám í leikskólafræðum og einn í meistaranám. Tveir fara í meistaranám í stjórnun og einn í meistaranám í tungumálum. Tveir fara í meistaranám í þroskaþjálfrafræðum.

Síðast en ekki síst hafa starfsmenn setið og verið virkir í Skólanefnd og trúnaðarmálum Eflingar.

Starfsmenn skemmtu sér vel í starfsmanna gleði í október, desember og svo aftur núna í lok júní.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Súsanna, deildarstjóri á Kisudeild, hefur átt í góðu samstarfi við Álftamýrarskóla. Í vetur fórum við í gegnum skipulagðar skólaheimsóknir elstu barna þar sem börnin kynntust starfinu í Álftamýrarskóla, urðu kunnug umhverfi og kennurum. Súsanna sat fund (endurmat) með Guðna, aðstoðarskólustjóra, Gróu Margréti, fagstjóra 1. og 2. bekkjar ásamt deildarstjóra elstu deildar í Álftaborg. Við ákváðum að funda aftur í ágúst og vera þá búin að vinna í sameiginlegu heimsóknarplani elstu barna í haust. Hugmyndin er að börn frá Múlaborg og Álftaborg blandist saman í heimsóknum en vegna fjölda í árgangi yrði þeim skipt í tvær heimsóknir í hvert sinn. Þannig myndu þau fá tækifæri til þess að kynnast innbyrðis áður en þau hefja grunnskólagöngu. Drög eru um að bjóða börnunum upp á stöðvavinnu í 1. bekk þannig að þau geti betur gert sér grein fyrir því hvers ætlast er til af þeim í 1. bekk. Einnig eru uppi hugmyndir um að gefa börnunum tækifæri á að kynnast list- og verkgreinum. Verkefnið er enn í þróun. Við viljum stefna að góðri samvinnu þar sem snertiflötur milli leik- og grunnskóla er meiri og samtalið stöðugt og lifandi.

9 Foreldrasamvinna

Foreldrafélagið er mjög virkt og áhugasamt. Það hafa verið skipulagðir nokkrir viðburðir á vegum foreldrafélags, t.d. vorferð í sveitina, myndataka barna, sumarhátíð barna, jólaball 2023, leiksýning „Jól í tösku“, þau buðu einnig Sólon á Öskudaginn. Allt þetta vakti mikla lukku og gleði hjá börnum og starfsfólki. Í lok sumars 2023 fengum við veglega gjöf frá foreldrafélaginu, það voru tveir flottir gítarar og hljóðfæratöskur, bækur um sjálfseflingu og einn leiksófa sem var settur á Hvolpadeild. Við vorum mjög glöð með gjafirnar og þökkum fyrir frábæra samvinnu!

Foreldrum allra barna var boðið upp á morgunmat og í söngsal á Múlaborg í kringum Bóna- og Konudaginn, á jólaball, í útskrift elstu barna og í sveitaferð.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

20. september 2024 (samræmdur)

12. nóvember 2024

20. janúar 2025 (samræmdur)

6. febrúar 2025

10. mars 2025

25. apríl 2025 (samræmdur)



11 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal

Umsögn foreldraráðs

F. h. Leikskólans Múlaborgar

Kristín Árnadóttir

4.7.2024

Leikskólastjóri





Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

MÚLABORG

SUMARLOKUN 2025

frá og með 09.07.2025

til og með 07.08.2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjömannadagurinn	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M þrettándinn	6 F Skipulagsdagur - Dagur leikskólans Leikskólaráðstefna	6 F	6 S	6 Þ	6 F Skólasítt grunnskóla	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M Sumarlökun til og með 07.08
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F Hvítasunnudagur	8 Þ	8 Þ Sumarlökun til og með 07.08
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu	9 M Sumarlökun til og með 07.08
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F Hvítur dagur	10 M	10 M Skipulagsdagur	10 F	10 L	10 Þ	10 F Sumarlökun til og með 07.08
11 S	11 M	11 F Blekur dagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslenska táknaðsins	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F Sumarlökun til og með 07.08
12 M	12 F	12 S	12 Þ Starfsdagur	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F Brúnn dagur	13 S	13 M	13 F Rauður dagur	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 M	14 M	14 L	14 M Sumarlökun til og með 07.08
15 F	15 S	15 Þ	15 F Fjölbílar dagur	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Sumarlökun til og með 07.08
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Gulur dagur	16 F	16 M	16 M Sumarlökun til og með 07.08
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagurinn	17 F Sumarlökun til og með 07.08
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Þrostudagurinn langi	18 S	18 M	18 F Sumarlökun til og með 07.08
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F Starfsdagur samræmdu	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M Starfsdagur samræmdu	20 F	20 F	20 S Þáskadagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Óflugur dagur	21 F Blár dagur	21 M Annar í Þáskum	21 M	21 L	21 M Sumarlökun til og með 07.08
22 F Skólaásetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ Sumarlökun til og með 07.08
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Sumarlökun til og með 07.08
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Böndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M Vetrarfrí grunnskóla	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ	24 F Sumarlökun til og með 07.08
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ	25 F Starfsdagur samræmdu	25 S	25 M	25 F Sumarlökun til og með 07.08
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar jólum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F Fæðingardagur forseta Íslands (GTh.)	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M Vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Sumarlökun til og með 07.08
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F Uppstigningardagur	29 S	29 Þ Sumarlökun til og með 07.08
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M Sumarlökun til og með 07.08
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 M		31 L		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Múlaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Davíð Þór Guðlaugsson

Margrét Gnarr

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Múlaborgar 2024-2025 er vönduð og gefur góða yfirsýn yfir starfsemina á leikskólanum. Það er virkilega ánægjulegt að Múlaborg hafi fengið tvönn hvatningarverðlaun í ár, sem sýnir hversu metnaðarfullt starf er unnið á leikskólanum.

Ánægjulegt að sjá að leikskólinn hugi vel að starfsmönnum sínum og gaman að sjá að innleiðing Hugarfrelsis í leikskólann gangi vel, bæði hjá starfsmönnum og börnum.



